

Nr. 24.
22.
október.

Lög

um

samþyktir um ófriðun og eyðing sels úr veiðiám.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,
Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með
samþykki Voru:

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþykkt um ófriðun og eyðing sels úr veiðiám.

2. gr.

Þegar sýslunefnd þykir þörf á að gera samþykkt um eina eða fleiri veiðiár innan sýslu, semur hún frumvarp til samþyktar. Skal því næst kveðja til fundar alla búendur, er veiðirjett eiga í þeirri á, sem samþykktinni er ætlað að ná til, eða land eiga að henni, og eiga þeir atkvæðisrjett á þeim fundi. Sýslunefndin tiltekur fundarstað, en oddviti hennar, eða sá er nefndin hefir kosið til þess, boðar til fundarins og stjórnar honum.

3. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþyktar, sem sýslunefndin hefir áður samþykkt. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt með $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða og sýslunefnd felst á þær. En vilji sýslunefndin ekki fallast á breytingartillögurnar, sem fundurinn hefir gert, skal kveðja til fundar af nýju. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, sem hefir eigi náð $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða á samþyktarfundum, er fallið, og má eigi bera það upp af nýju í sýslunefndinni fyrir en á næsta aðalfundi hennar.

4. gr.

Nú er samþykkt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og stjórnarráðinu þykir hún koma í bág við grundvallarreglur laga eða rjettindi manna, er þá samþykktin endursend án staðfestingar, og synjunarástæður stjórnarráðsins látnar fylgja. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hvenær hún öðlist gildi.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov af 18de September 1891.

Lov

om

Nr. 24.
22.
Oktober.

Vedtægter angaaende Ophør af Fredning og om Udryddelse af
Sælhunde i Fiske-Aaer.

Vi Christian den Tiende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Sysselforstanderskaberne bemyndiges til at affatte Vedtægter om Ophør af Fredning og om Udryddelse af Sælhunde i Fiske-Aaer.

§ 2.

Naar et Sysselforstanderskab finder det nødvendigt at oprette en Vedtægt for en eller flere Fiske-Aaer inden Sysselet, affatter det et Forslag til Vedtægten. Dernæst indkaldes til Møde alle Bønder, som har Fiskeret i den Aa, for hvilken Vedtægten skal gælde, saa vel som de, hvis Ejendom støder op til Aaen, og have de Stemmeret paa dette Møde. Sysselforstanderskabet bestemmer Mødestedet; dets Formand eller den, som Sysselforstanderskabet dertil udvælger, indkalder til Mødet og leder Forhandlingerne.

§ 3.

Dirigenten fremlægger paa det i § 2 omhandlede Møde det Forslag til Vedtægt, som Sysselforstanderskabet forinden har affattet. Hvis Forsamlingen vedtager Forslaget uforandret med $\frac{2}{3}$ af de afgivne Stemmer, indsender Sysselmanen det til Ministeriet til Stadfæstelse. Paa samme Maade forholdes med Forslaget, selv om der foretages Ændringer deri af Forsamlingen, hvis de vedtages med $\frac{2}{3}$ af de afgivne Stemmer og tiltrædes af Sysselforstanderskabet. Men hvis Sysselforstanderskabet ikke vil tiltræde de Ændringsforslag, som Forsamlingen har vedtaget, skal Møde paany indvarsles. Hvis Forslaget paa dette Møde vedtages uforandret med $\frac{2}{3}$ af de afgivne Stemmer, forholdes med det som ovenfor foreskrevet.

Det Vedtægtsforslag, som ikke har faaet $\frac{2}{3}$ af de afgivne Stemmer, betragtes som bortfaldet og maa ikke fremlægges for Sysselforstanderskabet paany førend paa næste ordinære Møde.

§ 4.

Naar en Vedtægt er affattet paa lovformelig Maade og indsendt til Ministeriet til Stadfæstelse, men Ministeriet finder, at den er i Strid med Lovenes Grundsætninger eller private Rettigheder, tilbagesendes Vedtægten uden Stadfæstelse med Tilkendegivelse af Ministeriets Grund til Vedtægtens Nægtelse. I modsat Fald meddeler Ministeriet sin Stadfæstelse, foranstalter Vedtægtens Bekendtgørelse og bestemmer Tidspunktet for dens Ikrafttræden.

Nr. 24. Lov af 22. Oktober om Vedtægter angaaende Ophør af Fredning og om Udryddelse af Sælhunde i Fiske-Aaer.

Nr. 24. Samþykkt, sem stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann,
22. sem hún var stofnuð á.
október.

5. gr.

Í samþykkt má ákveða um algerða eyðing eða útrýming sels úr veiðiám. Þó má eigi með neinni samþykkt raska friðun eggvera, selalátra eða selalagna, nema fult gjald komi fyrir, slíkt er dómkvaddir menn meta. Gjaldi þessu jatna sýslunefndir niður á þá, er veiðirjett eiga í á þeirri eða ám, er samþykktin gildir fyrir. Sýslumenn innheimta gjaldið, og fylgir því lögtaksrjettur.

Í samþykkt skal ávalt kveða á um eftirlit með því, að henni sje hlýtt, og hvernig kostnaðinn við það skuli greiða.

6. gr.

Fyrir brot gegn samþykkt má ákveða sektir, alt að 100 kr., og skal í samþykktinni ákveða, í hvern sjóð eða til hverra sektirnar skuli renna.

7. gr.

Með brot gegn samþykkt skal farið sem almenn lögreglumál.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 22. október 1912.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

En af Ministeriet stadfæstet Vedtægt kan kun forandres under Iagttagelse af Nr. 24.
 samme Former, under hvilke den blev vedtaget. 22.
Oktober.

§ 5.

I en Vedtægt kan der træffes Bestemmelse om den fuldstændige Ødelæggelse eller Udryddelse af Sælhunde i Fiske-Aaer. Dog maa der ikke i Vedtægten bestemmes noget, der vilde forstyrre fredlyste Edderfugle-Varpesteder eller Garnsætningssteder for Sælhunde uden imod fuld Erstatning ifølge Vurdering foretagen af Mænd udmeldte af Retten. Erstatningen paalignes af Sysselforstanderskabet dem, hvem Fiskeret tilkommer over den eller de Aaer, Vedtægten gælder for, og indkasseres af Sysselmanden. Erstatningen kan inddrives ved Udpantning. Enhver Vedtægt skal indeholde Forskrifter om det til dens Overholdelse nødvendige Tilsyn og om Afholdelsen af Omkostningerne derved.

§ 6.

For Overtrædelse af Vedtægter kan der fastsættes Bøder af indtil 100 Kr. og skal der i Vedtægten bestemmes hvem eller hvilken Kasse Bøderne skulle tilfalde.

§ 7.

Overtrædelse af Vedtægterne behandles som offentlige Politisager.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 22. Oktober 1912.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Islands Ministerium, den 22. Oktober 1912.

H. Hafstein.

Jon Krabbe.